# Viljinn.

Lestrarfjelagsblað Miklabæjarsóknar.

XIV. árg. } Litladal, 17. jan. 1923. } 3. tbl.

## Niðurjöfnun útsvara.

Jeg hef verið að brjóta heilann um það, hvert ekki mætti finna eitthvað, sem sett væri í „Vilj-ana", er kæmi fleirum til að rita um, án þess þó að í rifr-ildi lenti eða svæsnum rit-deilum — því heyrt hef jeg, að slíkt ætti að varast, sem heit-an eld, nú á þessum spektar og friðsemdar tímum.

Já, jeg hef verið að brjóta heil-ann um þetta og að lokum

kamist ad þeirri nidurstödu, ad vel gæti verid ad nokkrir fengjust til ad skrifa um útsvarsálagningunna, því heyrt hef jeg, ad nokkud mörgum sje fullkomlega í nöp vid reglu þá, sem nú var brúkud vid nidurjöfnun útsvaranna, og myndu því fúsir til ad taka hana til bænar, eda líklega rjettara sagt, til athugunar.

En til þess, ad menn geti sem bezt og hæglega, dæmt um reglu þessa, verda þeir ad vita med vissu hvernig hún er, og hvernig henni hefur verid beitt. Ætla jeg því ad skýra frá henni, án þess þó, í þetta sinn, ad tilgreina hvernig mjer líkar hún, eda hvernig jeg vildi breyta henni.

Reglan var þá þessi:

Útsvarslidirnir eru fjórir og eru þeir nefndir

1. Nefskattur,



2. Ábúdarskattur,
3. Tekjuskattur og
4. Eignaskattur.

Nefskattur var lagdur á alla, sem verkfærir gátu talist, á aldrinum 18–60 ára og var hann Kr. 12,00 á karlmann, en Kr. 6.00 á kvennmann. Innan 18 ára ad eins hálfur nefskattur.

Ábúdarskattur, hann er ad eins lagdur á þá, er hafa jörd ~~jörd~~ til afnota – allt svo bændur, og er hann Kr. 3,00 af þúsundi hverju í matsverdi jarda (landverdi med umbótum), en Kr. 1½,00 af þúsundi í húsaverdi.

Tekjuskattur, hann er lagdur á allar „brúttó" tekjur, hverju nafni sem þær nefnast, og er reiknadur Kr. 7,00 af þúsundi hverju.

Af tekjunum er slept Kr. 300,00

fyrir hverjum ómaga.

Eignaskattur, hann er lagður á skuldlausa eign Kr. 1½,oo á þúsund, þar til eignin nær 5 þúsundum, hækkar þá um Kr. ½ og ~~og~~ svo stöðugt um Kr. ½ við hver 5 þúsund. —

Þá er jeg búinn að lýsa reglu þeirri, sem hreppsnefndin brúkaði við síðustu niðurjöfnun útsvara, og þar sem regla þessi er alveg ný af nálinni og aldrei verið við höfð fyr, er ekki við því að búast, að hún komi vel heim við eldri reglur, og ekki heldur að hún sje svo fullkomin og rjett, að eigi sje hægt að breyta henni til bóta, — og það er það sem jeg vil fá menn til að rita um; gjöra uppástungur um breytingar — hvað þeim finnist rjett í þessu og þessu atriði.



Það ætti engum fullþroska manni að vera ofvaxið að rita um þetta mál, og það hefur mikla þýðingu, að finna sem rjettastan grundvöll undir útsvarsálagningunu, þar sem útsvörin eru lang-hæstu útgjöldin er hvíla á hverjum einstakling, af opinberum gjöldum að segja.

Að rita um þetta í „Viljann", tel jeg í alla staði vel viðeigandi, og hvaða blað sem væri, væri full-sæmt af ritgjörðum um þetta efni. Og þótt „Viljinn" gangi ekki meira en um Miklabæjarsókn — er það samt betra en ekki. Sú sókn er þó fjölmenn og jeg vil segja, að hún eigi ekki svo fáa athugula skýrleiksmenn.

Jæja, mínir elskanlegir, jeg hef nú gefið ykkur umhugsun-

arefni, og að líkindum efni,
til að rita um, því jeg skil
ekki í því, að allt ykkar hjal
um niðurjöfnunina sje ekki
annað og meira, en það, sem
kallað er: „að vera mestur í
munninum". Og jeg vil að end-
ingu geta þess, að þótt þið að
einhverju leyti finnið ástæðu
til að kridda ritgerðir ykkar
með ofurlitlum sýnishornum
af hnútum og hnífilyrðum til
~~til~~ hreppsnefndarinnar, þá er
hún svo veraldarvön, að
hún mun lítt láta það á sig
fá.

Gísli Björnsson.



# Undir sólsetrið.

Í mars 1922.

1. Jeg gleðst á mærum morgni
og minnist æsku þá:
Mjer heimur fannst þá fagur,
allt frjálst í kring að sjá.
Og gleði, ást og yndi
var einhver brennheit þrá,
sem hug og hjarta særði,
svo heit varð sveinsins brá.

2. Jeg man þig, morgunroði!
jeg man þig bernsku stund!
er þrá og löngun lífsins
var logheit hjartans und:
Jeg þráði frelsi og frama
og fagra menta braut,
en sat í svörtum skugga
og sólar litlrar naut.

3. Jeg sá í hylling hárri
þá hugsjón, sem var kærst,

en vissi ei hvað jeg vildi —
og var sú ráðning stærst.
Jeg kann af innra eldi
og öll mín sára þrá
var út í huldum heimi —
og hann jeg vildi sjá.

4. Mín hugsjón birtist betur,
hún björt og göfug var:
það sama, fagra og frjálsa
í faðmi gyðjan bar.
Þau knass jeg heitast þráði
og hluttekningu manns,
og samhljóm sálar minnar
og sælu kærleikans.

5. Minn hugur var ei heima —
þótt heima væri jeg;
sem fangi, er freistar göngu
jeg fór þann töfraveg.
Ó, hugsjón, himinborna!
þú helga Paradís!
sem sól á sumardegi
þú sæl í huga rís



6. Hver lækur, blóm og brekka
mig batt við unað sinn —
mjer fanst allt frjálst og heilagt,
sem fjell á geislinn þinn.
Jeg löngum lítill undi
í leiðslu, bænum frá; —
jeg gleymdi svo mjer sjálfum —
mig seiddi einhver þrá.

7. En stutt var stundin sæla
og stutt var þessi braut,
er dýrðar drauma minna
jeg daglangt glaður naut:
Eg átti öðru að sinna —
og enginn skildi svein,
og mig það mikið særði
það mitt varð þyngsta mein!

8. Jeg sá hvað sumir gerðu
og sinni nægðu þrá,
og lærðu eitt og annað
mig allt í kring að sjá.
Jeg nýtti nokkra mola,

er neyd min kom mjer til —
en slíkt allt varð að vera
mitt vidkvæmt launnuspil!

9. Jeg fjekk oft orð í eyra —
og ekki stundum blítt!
er jeg var stund að stelast
í starf, er mjer var nýtt
og líta í bók og lesa
og líka mynda staf:
af slíkum dvalar draumum
jeg dapur hrökk upp af!

10. Því þá var kallað: „Komdu,
og keptu við þitt verk!
Þú verður varla maður
og vinna þín ei merk,
ef liggur þú í lestri
og leikur skriffærin!
Þú setur það ekki í svanginn,
nje safn í askinn þinn!“

11. Min trú, mitt traust var lítið —
jeg trúði þó á guð.



En allt var veikt og vidkvæmt
og von min óþroskuð.
Minn fæðurgarður góði,
til grunna brunninn var!
Jeg hraktist milli manna
og margar raunir bar.

12. Svo liðu æsku árin
með örstutt vængja flug.
Mjer klauzt ei helzt jeg þráði
í hálfan þriðja tug.
Þá lærði jeg það að læra
og líka glöggt að sjá:
að mesta tap er tíminn,
sá tími, er bernskan á.

13. Því mestu sorg mun segja
að syrgja ment og vit,
en verða þó að þola
hið þyngsta sálar slit:
Á rangri hillu að hima
og hafa lítið brauð,
er þyngra en tárum taki —
jeg tel það mestu nauð!

14. Og um er sagan sama
um sólarlítil börn:
Að þeim er þungur fótur
og þirra er lítil vörn. —
Að sitja sólarmegin
er sæla mesta á jörð
og opnar allar leiðir
að yndi og þakkargjörð.

15. Jeg þekkti marga mæta,
sem mistu heiður sinn
á skuggaleiðum lágum —
þá lamdi stórviðrin;
já, sál, svo göfga og góða,
að gulli betri var:
en stríð og fátækt flæmdi
burt flest, sem hugðnæmt var.

16. Jeg þekkti margar mæður,
sem mesta báru dygð:
og lífið í sölur settu
og sóma, ást og trygð,
fyrir börnin sín. Og báru



allt böl, með undra kraft.
En slíkt er ekki ávalt
til aðdáunar haft.

17. Og þessar þúsund mæður,
sem þola slíka raun,
þær einar ættu skilið
hin æðstu sigurlaun:
því þar í þröngum kjörum
er þrávalt unnið mest,
sem verður landi og lýði
til láns og gæfu best.

18. Ó, móðir, móðir kæra!
hve mikið er þitt verk!
og hjarta heitt og göfugt!
og hönd þín míld og sterk!
Þitt stríð er heimi hulið
og heitt þitt táraflóð —
því fáir fara í leitir
um fredna konu slóð.

* * * * * * *

19. Nú gleðst jeg af því öllu
sem aðrir gera mjer,

af mannúð einni unnið —
því aftur barn jeg er.
Jeg finn svo fljótt hvað eina,
sem fyrir mig er lagt.
Jeg gleðst af einu orði,
sem er með kærleik sagt.

20. Jeg hryggist líka af litlu —
því leiðið andstætt var!
Jeg fór um fjölda sveita —
margt fyrir augu bar.
Jeg kendi öll þau árin,
og allt af nýtt jeg sá —
jeg kendi svona samfleytt
ár sjö og tugi þrjá.

21. Jeg gaf því gaum að mörgu
og get því vitnað bert,
að sumra líf er sorglegt
en samt þó mikilsvert!
Og það er þessi fræðsla,
sem þýðing mikla ber,
því reynslan þörf er þekking
og þyngst á metum er.



22. Rúm þúsund tvö jeg taldi,
sem tilsögn veitti jeg.
Jeg benti þeim á bjartan
og beinan auðnuveg.
Og margir mjer það þakka:
að menta-runnu-skeið —
jeg hafi vísað veginn
og valið rjetta leið.

23. Jeg hjet því, er mjer ungum
var engin fræðsla veitt,
að ef jeg eitthvað lærði
og afls míns gæti neytt:
að miðla af minni þekking
og mörgum vísa leið
til bjartra menta brunna,
svo braut þeim yrði greið.

24. En oft var erfitt starfið
og allt af skorin laun.
En allir mín nú minnast
og mest í stríði og raun —
og þetta er þyngra á metum,

en pungur málmur gulls, —
það gleður mig nú gamlan
og geldur mjer til fulls. — —

25. Að vera á ferð og flugi
sín flestöll æfi ár,
það þreytir manninn mikið.
Og mörg eru farmanns tár.
En guð sjálfur gerði
þann greiða, er jeg kaus —
og eg mun engu kvíða,
þótt eg sje krónulaus.

26. Því guð og góða marga
á götu allt af finn,
og þó að þrengi að stundum
og þykkni himinn minn:
þá greiðist allt af aftur,
því eygló heldur vörð
og ylar hug og hjarta —
þá himnesk finnst mjer jörð.

B. Bárddal.



# Nýtt og gott.

Það er alvanalegt, að því er óspart haldið á lofti, ef einhver gjörir það, sem miður má fara, en ef einhver starfar að því, er sjerstaklega fer vel á, þá er eins og enginn komi sjer að því að minnast á það, og sem flestir vilji láta það liggja í fangelsi þagnarinnar.

Það hefur nú dálítið nýstárlegt komið hjer fyrir í sveitinni og svo jeg taki mjer orð Helgu gömlu Sveins í munn: þá hefur það ekki komið fyr fyrir „í veröldinni minni", það er að skilja í þessari sveit í minni minni eða nú hartnær í fimmtín ár.

Þetta óvanalega er þá það, að presturinn að Miklabæ, hefur haldið kveldsöngsmessur, bæði á

Miklabæ, á aðfangadagskvöld jóla, og á Flugumýri á Gamlaárskvöld. Hann dreif saman söngflokk og fjekk Jón Árnason á Víðivöllum, til að kenna flokknum viðeigandi hátíðasöngva; voru því sungnir nýir söngvar með fjórum röddum, og þótti mörgum, er heyrðu, á því vera mikill hátíðabragur. Margt fólk kom á báða staðina og var að sjá vel ánægt yfir förinni.

Ekki má gleyma að geta þess, sem einna mest kvað að, við báðar þessar kveldmessur og það var, hve ljómandi vel og smekklega kirkjurnar voru upp lýstar og þó sjerstaklega Miklabæjarkirkja, og það merkilega var það, að það má víst að mestu þakka það tveimur mannerkjum, þeim, ungfrú Lilju Sigurðardóttur á Víðivöllum og Þorkeli



bónda Jónssyni á Miðgrund, sem hvort fyrir sig lögðu til meginið af ljósunum, í kirkju sína og sáu um allan útbúnað.

Lof og heiður, sje þeim fyrir verkið. Það má ekki minna vera, en að þau orð sjeu sögð, og það í fullri alvöru.

Sömuleiðis ber að þakka prestinum, fyrir þessa nýbreytni og má óhætt segja, að þar hafi komið nýr og góður siður, með nýjum herra. Einnig má geta þess, að presturinn varð fyrir miklum átroðningi af söngflokknum — en hann ljet það ekkert á sig fá.

Að endingu vil jeg geta þeirra orða prestsins, síra Lárusar, að hann aldrei hafi sjeð betur og jafnvel ekki eins vel upp lýsta kirkju, eins og Miklabæjarkirkja var við þetta tækifæri,

og hefur hann þá víst oft sjeð vel upplýsta kirkju í höfuðstað lands-ins. Gísli Björnsson.

" " " " " "

Það eru aðeins fáein orð, er jeg vildi bæta við hina góðu framanrituðu grein. Eg leyfi mjer, í nafni tilheyrendanna við nefnda aftansöngva, og mín sjálfs, að þakka söngflokknum og stjórnara hans, hina góðu og áhrifa-miklu skemmtun, sem flokkurinn veitti. Og ekki síst með því, að koma út að Flugumýrarkirkju.

Mig undraði það, hvað flokkurinn söng lipurt og vel Hátíðasöngvana, ekki með meiri æfingu en hann hafði. Og spilið var ánægjulega gott. — Ræðumennska prestsins og ræða, hugðnæm.

B. Bárðdal.



# Til ritdómarans.

Það virðist nokkuð einkennilegt hjá ritdómurum mörgum, hvað þeir eru einhliða og ómannúðlegir í dómum sínum. En af ritdómunum ætti alþýða að geta vitað hvernig skáldverkin eru í raun og veru. En það er oft svo fjærri að svo sje. Stundum eru þeir einungis villandi og ósannir, eða hvorutveggja. Má þar t.d. benda á ritdóm Einars Benediktssonar, um Biblíuljóð síra Valdimars Briem. Ritdóm Gests Pálssonar, um ljóðmæli Matthíasar Jochumssonar. Ritdóm Kolskeggs, um ljóðmæli Guðmundar Friðjónssonar. Rit-

dóms Jóns Ólafssonar, um ljóðmæli
Jóns Árnasonar á Vídimýri
Og loks ritdóm Jónasar Hall-
grímssonar, um rímur Sig-
urdar Breidfjörds. — Allir
þessir ritdómar eru óneitan-
lega mjög snjallir. En þeir
eru allir ómannúdlegir og
~~og~~ fullir af hádi og lítils-
virdingu. Eru einhlida og
draga fram ad eins allt þad,
sem á einhvern hátt má hár-
toga og setja út á. Og hafa
meira og minna sært hlutad-
eigendur og gert þá minni
menn, í augum þeirra, sem
trúad hafa ritdómunum.

Svo í seinni tíd hafa ýmsir
skirpt úr klauf, til yngri skáld-
anna. Er þad einungis undan-
tekning ad gódur og sannur
ritdómur hafi komid. Flestir



hafa verid á þann veg, annad-
hvort ad skáldid er hafid upp
til skýjanna eda þad gagnstæda,
lítilsvirt med hádi og sparki.
Skáldin og hagyrdingarnir, hafa
ekkert getad lært af þeim dóm-
um. Stundum eru hjá sumum
dregin fram ad eins beztu kvæd-
in, til þess ad hefja skáldid sem
allra hæst. Þar um sagdi Stein-
grímur eitt sinn:

„Med oflofi teygdur á eyrum var hann
svo öll vid þad sannindi rengdust,
en ekki um einn þumlung hann vaxa
þó vann —
þad voru ad eins eyrun sem lengdust."

Stundum aftur á móti, hafa
verid dregin fram, ad eins lökustu
kvædin, til þess ad rýra sem allra-
mest höfundinn. Þar um kvad
eitt gódskáldid:

„Þú skilur ei eftir skarnid hans,

en skitur í hreiðrið sjálfur!
Og sjer ei perlur sannleikans —
já, svona er dómur hálfur".

Eftir að "Jón á Víðimýri" var dáinn, ritaði Jón Ólafsson hinn dæmalausa háðslega ritdóm sinn, um ljóðabók hans.

Síra Valdimar Briem, kvað til Einars Benediktssonar, eftir að hann atyrti Biblíuljóðin í blaði sínu „Dagskrá":

„Nú þykkir mjer gamanið grána!
hann gerir mig að argasta kjána;
en hvorki mun jeg blikna nje blána
þó Benediktsson setji mig upp á
„Skrána"."

Matthías Jochumsson, svaraði Gesti Pálssyni með hinum alkunnu ljóðum, sem byrja þannig:

„Gestur minn, Gestur minn!
gáð að hvað segirðu,



þú gengur í skrokk á mjer
rjett eins og eigirðu"! . . .

"Síra Jónas Jónasson" rjeðst á yngri skáldin í Nýjum Kvöldvökum og það fremur ómannúðlega. Leit helst út fyrir að hann vildi kyrkja alla hina smærri. Rjeðst hann fyrst á ljóðabók mína og hafði hana fyrir einskonar pístil. Mjer var það ljóst þegar í upphafi, að ljóðabók mín mundi ekki þola stranga dóma — og ekki síður er mjer það ljóst nú. Og í henni er margt, sem jeg nú er hissa af að jeg ljet nokkurntíma prenta. —
En það er best að segja hverja sögu eins og hún er:
Jeg setti nokkur kvæði í

blaðið „Vestra" á Ísafirði
1902–1904. Það var það, að
Hannes Hafstein eggjaði mig
til að birta ljóð mín og sagði
mjer að hann skyldi velja úr þeim.
„Þau væru rjett kveðin, lipur
og lagleg mörg." En er jeg
var búinn að semja við
ritstjóra „Vestra" um útgáfu
eða rjettara sagt, prentun
kvæðanna, mátti Hannes
Hafstein til að fara á þing,
og gat ekki hjálpað mjer. Og
sá, sem jeg fjekk mjer til
leiðbeiningar, sem var lærður
maður — brást mjer algerlega.
Hann ljet allt fara í prent-
smiðjuna, bæði ónýtt sem
nýtilegt af kvæðum mínum.
Svo kom bókin út og mjer
líkaði illa allur frágangur
hennar. Og jeg sá strax það að



hún var of stór eða sumt
í henni harla ljelegt. Enda
var jeg bráðónýtur að selja
hana. Mjer satt að segja
fanst jeg hafa skemda vöru
að bjóða — og bauð hana sár-
fáum, en gaf margar bækur.
Enda fór jeg illa út úr þeirri
verslun! — — —
En mjer sárnaði við síra
Jónas það, að hann benti
ekki á eitt einasta kvæði, er
nýtilegt væri. En síra Matt-
hías sagði mjer, að mörg
kvæði væru lagleg. Og eins
sagði Stefán frá Hvítadal.
Þorsteinn Gíslason sagði í
„Bjarka": „að bókin hefði ver-
ið góð, ef hún hefði verið
nokkru minni". Hjá þess-
um fann jeg mildi og kurt-
eisi í dómum. Davíð Þor-

lund, tók upp heilt kvæði úr bókinni í „Frækorn“ sín, og fór mildum orðum um bókina. — — Árið 1907 fór jeg snögga ferð til Reykjavíkur. Var jeg þá Good-templari, og fann í Reykjavík kunningja minn, sem bauð mjer á templarafund. Hitti svo á, þegar við komum inn í salinn, að Guðmundur skáld Guðmundsson, var að lesa upp kvæði, og fór hlýjum orðum um það á eftir. Kvæði þetta var „Flaskan“ úr kvæðabók minni.

Þetta eru nú þau hlýju orð, sem jeg hefi fengið hjá lærðum mönnum og skáldum, fyrir kvæðabókina mína. — —
En jeg sagði áðan, að mjer hefði sárnað ritdómur síra


Jónasar. Já, mjer sárnaði við hann, af því hann var svo einhliða og ómannúðlegur. Og jeg samdi þá nokkur erindi, sem jeg leyfi mjer að láta „Viljann“ geyma, þó þau sjeu orðin mörgum kunn. Og það því fremur, þar sem jeg dvaldi hjer all-lengi áður fyr, og á hjer marga kunningja og nemendur frá þeim árum, sem mun máske þykja gaman af þessum skýringum mínum.

Ég veit það vel, að margt í seinni tíð er harla ljelegt, sem sett hefur verið á prent, af ljóðum. En það er nú einkenni Íslendinga, að þeir eru flestir hagyrðingar. Og heldur kýs jeg ljelegt kvæði í blöðunum, en óþverralega skammagrein.

Litlu skáldin og hagyrðingarnir verða að vera til og verða að lifa. Hvernig er hægt að hugsa sjer háan jökultind rísa og gnæfa upp af jafnsljettu? Er ekki hæðir og hálsar, sem mynda hann? Og er ekki smáviðurinn, er myndar stórskóginn? Já, það ~~það~~ er einungis fyrir mergðina af því smáa, sem það stóra verður til. Og vegna þess, hvað við Íslendingar erum fámennir, er það svo sjaldan, að stórmenni koma fram hjá þjóðinni. En af því landið okkar er svo hæðótt og ósljett og mergðin er svo mikil af smáfjöllum og leitum og hálsum — þá eru hjer svo margir háir og tignarlegir jöklatindar, er



gnæfa fagurlega upp yfir fjöldann af því lága. —

Það er því ómannúðlegt og getur verið skaðlegt, að ráðast með remlingi og háði á það, sem minna er. Eitthvað drengilegra, að styðja það með leiðbeiningum og mildum dómum.

Það veit enginn hvað í manninum býr, meðan hann er óþroskaður í skóla lífsins.

" " " " "

Hann gasprar og dæmir, og dinglar rófu sinni,
og dregur ei neitt úr fyrirætluninni.

Það má enginn tala eða yrkja kvæði,
sem ekki er hafinn yfir hversdags svæði.

„Þegi þú, maður! Þú kant ekki að yrkja!
Jeg ætla mjer þinn vorgróður að kyrkja!

Þú ert enginn skógur, ekkert feikna fjall!
og fossinn þinn er lítill og verður aldrei snjall!"

Þú heldur víst að ekkert af því smáa
sje orsök þess, að til sje það stóra og háa.
En hvar er fjall, án þess að hæðir bindi
þann háa tind, og þær svo hann þar myndi?
Og hvar er skógur, með háar eikur beinar
en hvergi smávið eða litlar greinar?
Þú lítilsvirðir hæðir, leiti, hóla,
en hefur hvepsni þína úr Svartaskóla.
Þú virðir ekki lítinn, veikan gróður —
þú vægir ekki þínum minsta bróður!
Það hlægir mig, sú heimska og ógnar-æði
að ætla sjer að drepa lítil kvæði.
Mannlegt er að fara mildum orðum
um minni verk, það gerði Kristur forðum.
Og dæma vægt, en styðja gróður, greinar
svo gætu orðið fagrar, háar, beinar.
En svona dæmir engim mikill maður,
og meira að segja — enginn rjetttrúaður!



Og ekki skaltu, prestur, andann kyrkja —
jeg enn mun hiklaust blygðunarlaust yrkja!
Jeg á mín ljóð, og sögur þú átt þínar,
þær höfðu lýti, eins og bögur mínar.
Já, dæmdu rjett og dæmdu engan hálfan,
og dæmdu ávallt, prestur, fyrst þig sjálfan.

Baldvin B. Bárddal.

## Hreppsbókasafn.

„Ekki verður bókvitið í askana látið," sögðu gömlu mennirnir; og þó við hinir yngri, játum fyllilega: „að oft sje það gott sem gamlir kveða", þá getum við ekki tekið undir þetta. Allir þurfa að fylgjast með tímanum og rás viðburðanna, og til þess eru bækur og blöð hverjum manni nauðsynleg; en þó alþýðumenn sjeu bókhneigðir, er þó efnum þeirra flestra þannig varið, að þeir

~~að þeir~~ geta lítið lagt afsíðis, til
bókakaupa. Þá mynduðu menn
lestrarfjelögin. Þar gátu þeir lesið
margar bækur fyrir lítil útgjöld.
En vanalegast eru þau samt svo
mannfá, að tekjur þeirra eru svo
litlar að í bókasöfnum flestra
þeirra, er ekki um auðugan
garð að gresja, jafnvel þó þau
hafi starfað árum saman. En
þó þau hafi verið fátæk af bókum,
þá munu þau samt hafa haft
töluvert menningar gildi fyrir
alþýðu um eitt skeið, sjerstaklega
áður en lægri skólar komu til
sögunnar. Sú stefna, sem þau
börðust- og berjast fyrir, að
komi upp bókasöfnum í sveitum
landsins — var rjett, og það er
hún sem þarf að komast til frek-
ari framkvæmda, svo að bóka-
söfnin geti leitt yl menntunar
og menningar inn á hvert ein-



asta heimili, betur en verið
hefur, og þetta er vel hægt, að
eins með örlítið breyttu fyrir-
komulagi á betri fjelögunum.
Áður en jeg skýri frá því hvern-
ig jeg hef hugsað mjer að þetta mætti
ske, dettur mjer í hug að svara
einni spurningu, sem stundum
er slegið fram: „Er nú alþýðu
menntun nauðsynleg?“ Já, hún
er nauðsynleg, og áreiðanlega miklu
nauðsynlegri nú, en hún var fyr-
ir nokkrum árum. — Þess er þá
fyrst að geta, að samtíðin heimt-
ar svo miklu víðtækari þekkingu
af borgurum þjóðfjelagsins
heldur en áður hefur verið kraf-
ist. Það er hið mikla stjórn-
frelsi þegnanna, sem það gerir.
Nokkurnvegin hver fulltíða
maður, hefur nú orðið hlutdeild
í stjórn sveitafjelagsins og alls
landsins, og jafnframt leggst

á hann sú skylda, ad nota at-
kvædi sitt og bera ad sínum hlut
ábyrgd á því, hvernig stjórnad er.
Þess vegna verdur hver madur ad
vita nokkur deili á því helzta,
sem vid hefur borid í heimi verk-
legra framkvæmda, vísinda og
lista, og veita eftirtekt þeim at-
burdum, sem eru ad gerast.
Og med sjerstöku tilliti til þátttök-
unnar, í opinberum málum, verd-
ur hver kjörfrjáls þegn, ad þekkja
hinar helztu stefnur í þjódfjelags-
málum lands síns, og hvad þeim
er helzt til ágætis og galla.

Af þessu sjáum vid, ad menntun-
inni er ekki hægt ad drepa nidur
eda stinga henni undir stól.
Þetta verda menn ad kunna ef
þeir eiga ad geta talist gódir
þegnar í sínu þjódfjelagi.

Hvert sækja menn þessa mennt-
un? Í skólana, munu menn



svara, og þad er satt. Þangad
sækir margur madurinn þá frædslu,
sem sídar getur leidbeint honum í
starfi hans, ef hann er ástund-
unarsamur og færir sjer vel í
nyt, þad sem þar er hægt ad nema.

En hvad hefur þetta kostad hann?
Tvö eda þrjú beztu ár æfinnar,
ásamt stórfje, sem hann hefur til
þess varid. Já, en hvad gerir þad.
Menntunin er sjaldan of dýrt
keypt, ef madur menntast á
annad bord. Jú, þad er nú ein-
mitt þad, sem jeg held ad vid kaup-
um hana of dýrt, og ef vid fær-
um hyggilega ad, mundum vid
geta notid næstum eins mikillar
menntunar, eins og lægri skól-
arnir geta í tje látid, án þess
þó ad kosta nema sár-litlu til;
og rádid til þess er: ad stofna
bókasafn, í hverjum hreppi.

Þetta er nú ekkert sjerlegt stór-

ræði. Í flestum sveitum eru lestrarfjelög. Þar höfum við grundvöllinn. Bækur þess eða þeirra, yrði fyrsti vísirinn að safninu. Síðan geri jeg ráð fyrir, að flestir bæir í sveitinni mundu taka bækur af ~~söfnum~~ safninu og greiða gjald fyrir, og síðan mundu menn afla safninu fjár, með ýmsum ráðum: gjöfum, skemmtunum, hlutaveltum og s. frv.

Safnið ætti að geymast í þinghúsi sveitarinnar, eða ef það væri ekki til, þá á þeim stöðum, sem bezt þætti henta, og hægast væri með útlánin. Einhver mundi nú segja sem svo: Hvaða kosti hefur þetta fyrirkomulag, fram yfir lestrarfjelögin? Það er margt. Fyrst og fremst mundi þannig lagað safn, aukast stórum hraðar, en söfn lestrarfjelaganna, vegna þess, að



þarna væru miklu meiri kraftar á bak við. Það er t.d. ekki heppilegt, þar sem eru fleiri en eitt fjelag í sömu sveitinni og sár-fáir í hverju, og geta því ekki keypt nema örfáar bækur, með því verði sem nú er á þeim, og þá vanalega sömu bækurnar.

Hvert þessara fjelaga heldur eina samkomu á vetri. Kostnaður við þær verður þrefaldur á við það, að halda eina allsherjar samkomu fyrir hreppsbókasafn, og svona mætti lengi telja.

T.d. mundi það verða álíkt fastara í sessi, en lestrarfjelögin, er ýmist er verið að stofna eða þá að þau eru að velta út af.

Þá kem jeg að hinu: Hvílíkt menningarstoð þetta yrði sveitinni; og jeg leyfi við að það þyki nokkuð djúpt tekið með árinni, að segja, að slík bóka-

söfn, gætu komið að miklu leyti
í staðinn fyrir lægri skólana.
Menn mundu segja, að það sje
mikill munur á því að lesa
bækurnar með sjálfum sjer, eða
hafa góðan kennara, sem út-
skýrði vel, það sem hann fer
yfir með nemandanum. En
nú hafa þeir það til, sumir hverj-
ir, að fara ekki langt út fyrir
bækurnar, og þá er nú lítið
sem vinnst. Auk þess er í
skólunum, sjerstaklega lægri skól-
unum sem alþýða sækir mest,
kent ágrip af öllu mögulegu —
ágrip af landafræði, ágrip af sögu,
ágrip af náttúrufræði og s. frv.
Skólatíminn er svo stuttur, að ekki
veitir af honum til að komast í
gegnum þessar námsgreinar.
Ef kennarinn bætir nú engu lífi
í þessi „ágrip", er hætt við að
gagnið verði ekki mikið hjá nem-



endanum, sjerstaklega ef hann
hefur lítinn áhuga á náminu.
Þarna hefur Bókasafnið
kosti, fram yfir skólana, sem
hægt er að benda á. — Það er
þá fyrst, ef bækurnar eru rjett
valdar, þá yrði þar engin „ágrip";
heldur væri þar til, það sem ítar-
legast hefur verið ritað á íslenzku
(og dönsku), í hverri þessari
fræðigrein. T.d. í staðinn fyrir
söguágripið eftir Boga eða Jónas,
væri hægt að fá þar stóru sög-
una eftir Jón Aðils og Menn og
menntir, eftir Pál E. Ólason
Eða í staðinn fyrir greinina, sem
er framan við landafræði K.
Finnbogasonar, um Ísland, gæti
maður fengið þaðan nýju Íslands-
lýsinguna, eftir Þorv. Thoroddsen,
og svona mætti lengi telja, og
þegar frá liði og hreifingunni
yxi máttur og megin, yrði

farið að vita og þýða bækur, sjerstaklega fyrir þessi söfn.

Dettur nú nokkrum í hug, að sá maður, sem læri t.d. þessar tvær bækur, sem jeg nefndi — þó hann læri þær með sjálfum sjer, útskýringarlaust — að hann yrði ver að sjer í þeim fræðigreinum, en hinir, sem hefðu í skóla hlaupið yfir eitthvert ágripið. Þeir, sem tækju bækur af safninu, mundu líka auðvitað taka þær fræðigreinar, sem þeir hefðu mestan áhuga á og mundi slíkt verða þeim að meiri notum, en skólamanninum sem nauðugur viljugur verður að þrælast gegnum allar námsgreinarnar, þó hann hafi ekki minnsta áhuga á sumum þeim, eða geti búist við að þær komi honum nokkurntíma að liði í æfinni.

Á þennan hátt get jeg ekki



betur sjeð, en alþýðan hefði eitt öruggasta og um leið ódýrasta athvarfið til menntunar, einmitt í slíkum bókasöfnum, og þau þyrftu alls ekki að vera neitt afar-stór til þess að fullnægja þeim kröfum, sem hægt væri að gera til menntunar alþýðu. Og þá gæti áreiðanlega margur maðurinn komist hjá skólagöngu, en aflaði sjer þó góðrar menntunar, án þess að þurfa að eyða fjármunum sínum utan sveitarinnar.

Það mundi fljótt koma á daginn, að reynslan yrði sú sama hjer, sem í öðrum löndum, að bókasöfnin yrðu ein sterkasta stoðin undir alþýðumenntuninni. Góðar bækur eru sá Mímisbrunnur, sem aldrei verður þurausinn. Góð bókasöfn veita fræðslu hverjum, sem hafa vill og þangað kemur. Kennari, prestur, bóndi,

verkamadur, sjómadur, eiga þar allir adstod og athvarf til þess ad framast þar, hver í sinni mennt.
Skólarnir segja: Þetta áttu ad kunna í hverri námsgrein til þess þú getir stadist prófid, en bókasafn gefur sjerhverjum tækifæri, ad stunda þad eitt er hugur hans girnist.
Bækurnar eru líka mikilsverd dægrastytting, hvort sem þad er til þess ad veita þreyttum bónda eda verkamanni, hressing, eftir hversdagsstritid eda dægradvöl idjulitlum sjómanninum í verbúdinni. Idjuleysid ýtir mörgum út á hálar brautir og getur sorfid ad, ekki sídur en ofþreytan.
Loks virdist reynslan sanna, ad bókasöfnin sjeu — ef þeim er vel stjórnad — einhver bezta vörnin gegn sorpritalestrinum og saurgun ímyndunaraflsins,



sem er afleiding af því.
Jeg vildi óska, ad eitt af hlutverkum þessarar kynslódar yrdi þad, ad koma upp gódu bókasafni í hverjum hrepp á landinu, og þad yrdi metnadarmál sveitanna, hver ætti mest og bezt bókasafn.
Og einu vil jeg bæta vid: ad Blöndhlídingar yrdu ekki hinir sídustu til slíkrar nýbreytni.

Stefán Vagnsson.

## Vakni, vakni! „Viljans" menn!

Eins og menn vita, var jeg einn af þeim fáu fjelagsmönnum, sem lofudu á sídasta lestrarfjelagsfundi ad stydja ad einhverju leyti: ad útkomu „Viljans" í vetur.
Ýmsra orsaka vegna hefir þad dregist fyrir mjer ad senda línur í „Viljann", en nú er komid meira en mál ad sýna einhverja

~~við~~ viðleitni, undanfærsla dugar ekki lengur og afsakanir gagnvart sjálfum ~~sjer~~ mjer ekki til, nema ef vera skyldi leti, en jeg býst ekki við að hún þyki gjaldgeng vara.

Jæja! „Hvar skal byrja? Hvar skal standa?" Jeg arka hjer út á ritvöllinn án þess að hafa ljósa hugmynd um, hvernig jeg má best beita vopninu, hvort heldur skuli höggva eða leggja eða skjóta því, sem ör af boga. Jeg hika við og bíð eftir því, að mjer detti eitthvað hnittið í hug. Ótal hugsanir sveima um í vitundinni, líkt og flugur í kringum ljós, en engin einstök nær föstum tökum á viljanum. — Jeg bíð enn, en allt í einu er sem hrópað sje í eyra mjer: Þessi fjandi dugar ekki, þú verður að vakna; þú verður að skrifa um skjólstæðinginn, þinn sjálfan, hvatningar orð til



þín sjálfs og meðbræðra þinna, sem eru í Lestrarfjelaginu. Rífa þig sjálfan og þá alla upp úr sinnuleysinu og fram á ritvöllinn. Allir að skrifa í „Viljann"! Fram með hugsjónir ykkar! Fram með bjartar skoðanir! Kveikið andlegt líf og ljós, innan fjelagshringsins, ljós, sem lýsi og vermi hugann á hinum kalda árstíma.

Nú, já já, skárri er það nú letin í manninum. Hann er aldrei orðið hrifinn fyrir þessu málgagni okkar fjelagsmanna — betra minna og jafnara! Eitthvað líkt þessu býst jeg við þú hugsir, lesari minn. Þú hugsar eftilvill líka, að litla þýðingu hafi það fyrir okkur að við gefum út sveitarblað. Þýðingin, hún sje engin; ekkert unnist með því; að eins tímaeyðsla frá öðrum nauðsynlegum störfum, að lesa þetta rugl. Reynslan hún hafi

líka sýnt það og sannad ad aldrei
sveitablada sje meira en lítid markad-
ur bás, þau hafi fæst nád háum aldri.
Medalhófid í ritmennskunni, sje vand-
fundid sem og annarstadar. Ann-
adhvort sje í bladinu andlaust hjal
eda magnadar ritdeilur og persónu-
legar skammir, sem hvort í sínu
lagi hafi ordid bladinu daudamein.
Væri nú einhverjir er hugsudu
þannig, þá langadi mig til ad sýna
hinum sömu ad sú hugsun væri
ekki algjört á rökum byggd.
Eg hefi veitt því eftirtekt, ad allir
undantekningarlaust, vilja lesa
eda heyra „Viljann" lesinn, enda þótt
hinir sömu hafi aldrei látid neitt
af mörkum vid hann, af sínum
andans audi. Hvad kemur til
þess, ad menn sækjast eftir ad lesa
hann? Því er fljót svarad. Menn
hafa skemmtun af honum;



þad er líka oft í bladi á stefnu-
skrá „Viljans". Vinir mínir! hann vill
veita ykkur öllum ánægjustundir med
því ad sækja ykkur heim, ræda vid ykk-
ur málin, sem í þad og þad sinn
eru oft í hugum manna þeirra, er
í hann rita. Hann vill taka til
fósturs hverja nýtilega hugsjón, er
vinir hans kunna ad trúa honum
fyrir, hlúa ad henni og bera hana
~~hana~~ á vængjum sínum fram
til sigurs, ef þess er nokkur kostur.
Og hann óskar af alhug eftir, ad
verda trúnadarmadur ykkar allra.
„Viljinn" er vetrarins barn í vissum
skilningi. Hann er fæddur ad vetri
og veturinn er starfstími hans.
Hann hefur kafad í blindhrídar
byljum bæja á milli, þolad frost og
einnig funa. Hann er veraldar
vanur og á til víkings lund, en
líka barnslega einfeldni. Allar
andstædur búa í honum. Honum

er ekki ókunnugt um að köld og daufleg eru oft og tíðum vetrarkvöldin á íslenzku sveitabýlunum.
Hann veit, að þegar náttúran er dauf og drúpleit eða jafnvel ógurleg og sárbitur, þá er hætt við að skyggi að í sálum manna — þá vill hann heimsækja fólkið í baðstofunum, sem situr við vinnu sína oft og tíðum snautt af gleði; heimsækja það sem ofurlítill ljósgeisli, sem lýsir og vermir — rekur myrkrið á flótta og bræðir klakann; — hann er þá vorboðinn í huga vorum.

En undir klaka og snjó
leynist örlítið frjó
sem á sitt líf fyrir hendi.

Já, hann veit að undir ísnum og snjónum leynast oft ýmiskonar frjóöfl, öfl, sem blunda og bíða eftir hentugum lífsskilyrðum.
Hann vil ylja og þíða jarðveginn, vernda litlu frjómögnin frá því að



frjósa í skammdegis bilijunum og skapa þeim betri skilyrði, svo þau nái að þroskast.
„Viljinn“ veit, að í hverri einustu mannssál býr bundin orka, sem að ekkert er notuð. Hann vill leysa þessa orku og nota hana í þarfir mannlífsins á brautinni til fegurðar og fullkomnunar — knýja hana fram til starfa.

Hann leitar og leitar
um kletta klungur
koldimmar gjár
og jökulsprungur.

Leitar að — gulli í mannssálunum, jafnt í hinum frjóa sem ófrjóa jarðvegi. Leitast við að kenna mönnum að þekkja, meta og nota það: það er takmarkið.
„Viljinn“ hefur nú gengið hjer um sveitina í 13 vetur og er nú byrjaður á 14. starfstímabilinu.
Ekki hefur nú samt þessi starfs-

tími náð í samfeldri röð — því
er ver. Hann gekk fyrst samfleytt
í 10 vetur, en lagðist í dá um lang-
an tíma víst ein 10 ár. Æfisaga
hans verður ekki rakin hjer. Hún
er að sjálfsögðu ekki löng, en þó
vafalaust lengri og fjölskrúðari
en margra annara sveitablaða.
Líklega hefur honum tekist misjafn-
lega að ná tilgangi sínum. Stundum
hefur hann þótt fremur þunnur á
vangann og ef til vill oft látið fjúka
ógætileg orð og lítthugsuð, sem hefur
verið eiturblanda í hans dauða-
bikar. En til þess eru vítin að
varast þau. Við höfum þar ljós
dæmin upp á afleiðingarnar af
ógætilegum rithætti og ættum hæg-
an leik á borði að synda hjá
þeim skerjum. — Annars þarf
engin að undra sig yfir því,
þótt í sveitablaði, sem margir
kunna að lesa og rita í, komi



fram mismunandi skoðanir
á málunum. Skynsamlegar
ritdeilur eru ágætar, þær bera vott
um dálítið andlegt fjör; hlutirnir
eru ræddir þar frá fleiri hliðum og
það eftir þroska og dómgreind manna.
Að eins að meðalhófið verði fund-
ið, en það er sumum torsótt leið.
Það eimir enn talsvert eftir af
hinum gamla forna víkingsanda
í okkur Íslendingum, og eigum því
erfitt með að vægja mótstöðumann-
inum.

En finnst ykkur nú, kæru lesendur,
það vera nokkur sómi fyrir mann,
sem hefur haldið fram þessari og
hinni skoðun er hrakin hefur verið
með gildum rökum, að hanga í
henni dauðahaldi. Væri ekki
skynsamlegra fyrir hinn sama,
að grafa þessa skoðun sína í
gleymskunnar djúpi, svo hún
kæmi engum fyrir augu, heldur

en að verja hana með skömmum og hnífilyrðum, þrátt fyrir það þótt hún snjöll væri.

Enda þótt finna megi „Viljanum" ýmislegt til foráttu og þar á meðal hinar óvægu ritdeilur, sem áttu sjer stað hjer áður fyr, má líka fjölmargt honum til gildi telja. Hann hefur verið frjálslyndur og hreinskilinn í skoðunum sínum, og það hefir tryggt honum vinsældir og alþýðuhylli, svo hann hefur alstaðar og æfinlega verið velkominn gestur. Enginn vafi er á því, að áhrif hans í heild sinni hafa beinst að því, sem betur má fara. Hann hefur veitt lesendum sínum marga ánægju stund, og vakið þá til vitundar um krafta þá, er í þeim byggja. Og hann hefur fóstrað marga djarfa og heilbrigða hugsun, sem að öðrum kosti hefði orðið úti í náttmyrkri



andlegrar deyfðar og sinnuleysis.

Þetta hefur nú „Viljinn" gert, og það hljóta þeir að játa, sem unna honum nokkurrar sæmdar.

Hvað starfi hans á þessum vetri og hjer eftir viðvíkur, skal jeg engu um spá. En eitt er víst, og það er það, að svo framarlega sem hann á að ná tilgangi sínum, þroskast og dafna, þá megum við ekki liggja á liði okkar, heldur styðja hann og styrkja á allan hátt: að sem flestir sendi honum greinar.

Menn þurfa ekki að óttast hótfindni af hans hálfu, þótt viðvanings brag-ur verði á sumu, það kemur hver til dyranna, sem hann er klæddur. Og markmiðið er líka það, ásamt öðru, að æfa menn til að koma hugsunum sínum í snjallan búning. Hann er ekkert að nýgræðingnum, og vill hlúa að honum, og einmitt vantir hann

sjer menntun styrks frá unga fólkinu,
hinum uppvaxandi æskulýd þess-
arar sveitar: „því ef æskan vill
rjetta þjer örfandi hönd, þá ertu á
framtídar vegi".

Sú skodun rídur sjer ódum rúm í
hugum manna, ad menntunin upp-
hefji þjódirnar; leidi þær á braut-
ir sidgædis og manndáda, og veiti
þeim betri skilyrdi ad standast
í lífsbaráttunni. Hver einstök
þjód á einhverjar andans uppsprettu-
lindir, er hún eys úr, til ad svala
menntaþorsta sínum. Þessar
uppsprettulindir eru bækur, tíma-
rit og blöd. Til einhvers af þess-
um flokkum vill „Viljinn" teljast,
enda þótt hann sje smár og
fátæklegur til fara og fáir les-
endur hans. Hann vill med því
sanna tilverurjett sinn — og
um þau rjettindi getur enginn
synjad honum. Hann býst ekki



vid ad afkasta miklu í þarfir
menningarinnar og vísinda-
greinar hefur hann engar til brunns
ad bera. En hann vill hvetja
menn til ad prófa sjálfa sig, leita
ad sínu eigin manngulli — og láta
þad skína á götu náungans.
Kenna mönnum ad elska ljósid
en ekki myrkrid. Hann vill hreinsa
til í musteri andans og benda
mönnum á: Ad kveikja upp
eldinn, sem í ykkur býr, svo allt
brenni ruslid til kola. Og þá
mun hafstraumur hugsjóna nýr,
hisminu í burtu skola.

Hann gerir ekki háar kröfur
til lífsins, hann veit sig einn af
smælingjunum í andans heimi,
er sæti á yst í krókbekk.

Já, hann er ánægdur med þad, ef
honum audnast ad velta einum
einasta smá-steini af vegi ykk-
ar til framsóknar og fullkomn-

unar — þá hefur hann ekki lifað til einkis, ekki unnið fyrir gíg. En til þess að ná því takmarki, eggjar hann alla góða drengi lögeggjun til þess að veita sjer liðveislu.

M. H. G.

# Breytingatillögur.

Jeg þakka oddvita hreppsins fyrir það, að skýra frá reglu þeirri, sem hreppsnefndin notaði við síðustu niðurjöfnun útsvara, hjer í hreppi.

Reglan nú er mörgum ókunn og margir, sem henni eru kunnir, óánægðir með hana. Það er auðvitað ekki gott, að gera svo öllum líki, en jeg hef komist að því að það eru óvanalega margir mótfallnir hreppsnefndinni fyrir þenna grundvöll, sem hún nú síðast byggði útsvörin á.



Af þeirri ástæðu, skýrir Oddvitinn okkur frá reglu þessari. Hann gefur hreppsbúum kost á því að athuga regluna og koma með breytingar, ef þeim finnst hún ekki rjettmæt — sem óefað er, eftir því sem margir tala.

Eg ætla þá með nokkrum orðum, að athuga reglu þessa.

Eins og oddviti skýrði frá, eru útsvars liðirnir fjórir:

Nefskattur — Ábúðarskattur — Tekjuskattur og Eignarskattur.

Það er þá nefskatturinn: munu flestir vera honum mótfallnir. Ef til vill samt ekki ríku mennirnir, því hann hefur að sjálfsögðu lækkað þeirra útsvör.

Það þykir flestum hann of hárlíklega hvergi hærri í allri sýslunni.

Um ábúðarskattinn hefi jeg litið

að segja, ~~við að jeg~~ býst við að honum verði ekki breytt.

Þá kemur tekjuskatturinn. Að leggja skatt á allar „brúttó“ tekjur, hverju nafni sem nefnast, virðist ekki heilbrigt. Hefði verið sanngjarnara og rjettara, að leggja að eins á „nettó“ tekjur. Minnsta kosti hefði hreppsnefndin átt að draga frá „brúttó“ tekjum, 1000 kr. fyrir hjón eða 500 kr. fyrir mann.

Þá er eignarskatturinn. Um hann verða víst allir sammála, að hann sje sjálfsagður. —

Eins og fyrirsögnin bendir á, ætla jeg að leyfa mjer að koma með dálitlar breytingar við útsvars álagningar-regluna.

Það er þá fyrst, að jeg legg það til: að nefskatturinn verði færður niður í 7 kr. á karlmann og 3 kr. og 50 aura á


kvenmann. Og tekjuskattur að eins lagður á „nettó“ tekjur.

Ábúðarskattur sje óbreyttur. En eignarskatti verði breytt þannig: að hálfar þarfirnar verði lagðar á skuldlausar eignir. —

Jeg býst nú við, að sumum þyki þessar breytingatillögur mínar ekki góðar, því það er hætt við að efnamennirnir þyrftu að telja fleiri krónur úr buddu sinni, en þeir þurfa að gera nú, til að borga útsvör sín. Það hafa hækkað útsvörin hjá sumum fátækari bændum í hreppnum, frá því í fyrra, en lækkað hjá þeim ríkustu, og fl. Mun það stafa að miklu leyti af reglunni, sem hreppsnefndin notaði.

Þessar breytingatillögur mínar eru byggðar á rjettlæti: láta ekki fátæklingana borga hlutfallslega meira, en þá efnuðu.

Eg vil láta mannúdina sitja
í hásæti, bædi hjá mjer og ödr-
um. Og ef útsvarsálagningin
er bygggð á grundvelli rjettlæt-
is og mannúdar, eins og jeg
hefi bent á: ad hver borgi eftir
efnum og ástædum, er tilgangi
mínum náð.

Ætla jeg svo ekki að fjölyrda
um þetta mál að sinni. Vænti
eftir athugasemdum um þetta
málefni frá fleirum, því málið
er þess vert að sem flestir reyni
að finna rjettlátan grundvöll
undir álagningu útsvaranna.

Og sjálfsagt munu þeir, sem
mest hafa bjásað um órjettlæti
hreppsnefndarinnar, í þessu
efni, láta eitthvað til sín heyra.

Ragnar Baldvinsson.



# Árið 2000.

Árið 2000 eða eftir að eins
77 ár, verdur margt breytt frá
því sem er nú — segir svo í
Kruklsspá hinni nýju. En þá
verdum við flestir farnir úr
líkamanum og komnir aust-
ur fyrir sól og stjörnur.

Mun mörgum nú þykja gam-
an að heyra lítið eitt af því, sem
þá verdur.

Þar segir svo medal annars:
Árið 2000, verda 12 rádherrar
á Íslandi og búa allir á Þing-
völlum; skrifstofur sínar hafa
þeir í Surtshelli.

Þá verda öll kærustu-pör
gefin saman við rafmagnsljós.

Þá verda talþrædir lagdir um
allt, t.d. á milli búrs og eld-
húss.

Þá verður Jón gamli á Krossastöðum loksins dauður.

Þá verða menn búnir að gleyma því, að skamma Bjarna frá Vogi.

Þá verður Kötlugjá orðin að Ríkissjóðshirzlu og alltaf barmafull af gulli, því landið græðir þá árlega fleiri miljónir á landsverzlun.

Þá verða komin Bíó og bókasöfn í hverjum hreppi.

Þá verður kominn háskóli á Sauðárkróki og gríðarmikið leikhús á Reykjarhóli.

Þá verða öll næturgögn úr hvítum marmara.

Þá verður búið að finna stað fyrir öskuna á Akureyri.

Þá verða allar meinsemdir læknaðar með vasahníf, nema dauðinn og tannpínan.

Þá býr páfinn í Landakoti í Reykjavík.



Þá verður búið að finna heppilegan grundvöll fyrir útsvarsálagningu í Akrahreppi.

Þá liggja þrjár járnbrautir í gegnum Ódáðahraun, og gufuvagn verður í hverjum hreppi með gylltum hreppsstöfum á hliðunum og verða þeir nefndir hreppsgufuvagnar.

Þá verður Helgi Pjeturs orðinn einn helzti íbúinn í stjörnu, sem er í þrítugustu vetrarbraut hjeðan.

Þá verða menn tvisvar eða jafnvel þrisvar gamlir. Því þeir verða yngdir upp á kostnað hrepps síns. Og verður uppyngdunarskrifstofa í hverjum hreppi, nema tvær í Akrahreppi, af því hann er svo langur.

Þá verður smalað í Silfra-

stadadfrjetti á reidhjólum, nema Krókárdal.

Þá verda haganlegustu rúmstædin, smídud í Djúpadal.

Þá verda allar ungar stúlkur í kaupstödum ordnar rjódar í kinnum.

Þá verda fleiri ordin nýbýlin í Stadarhreppi en ærnar á Reynistad.

Þá verdur spilad á orgel á hverju Manntalsþingi og sungnir þingsálmar.

Þá verdur Gísli á Víðlum ordinn sýslunefndarmadur á stjörnunni Mars.

Þá verdur landsstjórnin búin ad setja upp stundaklukku á Öræfajökul, sem slær svo hátt ad hvert mannsbarn á landinu heyrir þegar hún slær — og hún verdur nefnd Landsklukkan.


Þá verda allar messur lagdar nidur, því prestar tala allt gudsord í gegnum talsímann sem liggur frá prestssetrunum og inn á hvert heimili í sóknunum.

Þá vilja írskir stúdentar fá Heklu keypta, en landsstjórnin stendur á móti og ber fyrir ad landid megi ekki selja hana, þar sem hún sje eini almennilegi ofninn í landinu.

Þá verda allir brennivínskútar komnir á Forngripasafnid í Reykjavík.

Þá verda alþingismenn hættir ad verzla med sannfæringu sína og hafa aldrei hrossakaup á atkvædum sínum.

Þá verdur Búnadarfjelag Íslands, búid ad klæda landid fögrum skógi milli fjalls og fjöru.

Þá verða fluttir fyrirlestra við
Silfrastaðarjett.
Þá verður loksins talað hlý-
lega um allar hreppsnefndir.
Þá verður kominn líkbrennslu-
ofn í hverjum hreppi.
Þá verður „Viljinn“ kominn
í gyllt skinnband.
Þá verður lífstykkið gamla
kamið ofan fyrir allar hellur.
Þá verður misrjetti og eigin-
girni öll fótum troðin.
Þá verða allir bjartsýnir og
sælir og
þá elskar hver annan, og
mönnum virðist eiginlega
enga þýðingu hafa, að trú-
lofa sig, því lífið er sem
einn óendanlegur, ljómandi
fagur hveitibrauðsdagur
allt í kringum mann. B. B.



# Eyjafjörður finnst oss, er.

(Benedikt Gröndal var eitt ár kennari
á Möðruvöllum. Þá var kvennaskóli á
Laugalandi í Eyjafirði, fyrir honum var
Valgerður frú Þorsteinsdóttir. – Þá kvað
Gröndal og snýri kvæði síra Matthíasar.)

Eyjafjörður finnst oss – er
fegurst byggð á landi hjer.
Akureyri er þar fremst,
enginn þaðan fullur kemst.
Höfðinginn, Hansen minn,
hefur blek og Apótek.
Þar er kominn Þórhallur,
þar var síra Guðmundur.

Ríðum inn á Laugaland,
lítum fagurt meyjastand,
kvennaskólans klókafjöld,
klórar sjer um vetrarkvöld.
Þar er nál, þar er prjál,
þar er allt og þar er kalt.
Gásasteik og grásleppur
og göfug frúin Valgerður.

Dunar undir hamrahöll,
hleypum upp á Möðruvöll:

Þar er hvarki þras nje vín,
þar er rektor Hjaltalín.
Þar er arg, þar er garg,
þar er Tryggvi og bankabygg.
Anna gamla fer í fjós —
fuglinn syngur, grætur rós.

Lifi gort og glamrandinn
og gullhamranna sláttur inn,
allir meina, jeg Andra jarl
ýtar fleina þekkja karl.
Hæaja, hafsasa,
halelúja og syngjum nú:
Eyjafjördur finnst oss — er
fegurst byggd á landi hjer.

(Hansen var apótekari á Akureyri. Þórhallur og Gudmundur voru prestar þar. Hjaltalín var rektor á Mödruvöllum. Tryggvi var harmónikuspilari. Bankabygg lítur ad því ad mikid var um grjónagraut þar. Anna gamla var fjósakerling á Mödruvöllum.)

B.B.

Ritstjóri: Agnar Baldvinsson.

# Gangur „Viljans.“

| | Kom. | Fór. |
|---|---|---|
| Djúpidalur | 25/1 | 26/1 |
| Litlidalur | 26/1 | 26/1 |
| Stóru-Akrar | 26 jan. | 29. jan. |
| Höskuldsstadir | 29-1 | 29-1 |
| Midhús | 29-1 | 1-1 |
| Þorleifsstadir | 1/2 | 2/2 4-2 |
| Vaglagerdi | 2.-2 | 5.-2. |
| Vaglir | 7-2 | 8-2 |
| Hrólfsstadir | 8-2 | 9-2 |
| Miklibær | 9./2. | 11./2. |
| Vídivellir | 11. | 12. |
| Midsitja | 12. | 14. |
| Sólheimar | 14 feb. | 16 feb. |
| Sólheimagerdi | 18 feb. | 21 — |
| Úlfsstadir | | |